

Kærleikur og líknsemi

Guðfræðilegar og siðfræðilegar hugleiðingar um vald Guðs í ofbeldissamhengi

Inngangur

Markmið þessarar greinar er að hugleiða hvaða áhrif reynsla og þekking á afleiðingum ofbeldis geti haft á guðfræðilegar hugmyndir um vald Guðs. Guðfræðilegar og siðfræðilegar hugleiðingar um vald Guðs og mátt eru sannarlega ekkert nýtt — trúlega hefur kristið fólk á öllum tímum velt fyrir sér spurningum sem tengja má því efni. Guð sem *pantokrator* (2Kor 6.18) eða alvaldurinn er þekkt myndlíking í hugmyndaheimi Nýja testamentisins sem og í kristinni kenningamótun eins og glöggt kemur fram í kristnum trúarjátningum og helgihaldi.¹ Í 8. kafla Markúsarguðspjalls spyr Jesús lærisveina sína hvernig þeir svari spurningunni, sem margir eru að velta fyrir sér á þeim tíma, hver hann sé (v. 29). Lærisveinar Jesú á öllum tímum hafa leitast við að svara þeirri spurningu og má halda því fram að þau svör tengist öll, með einum eða öðrum hætti, spurningum um almætti Guðs. Þekktustu svörin við spurningu Jesú í Markúsarguðspjalli má rekja til útleggunga guðfræðinga eins og t.d. Ágústínusar frá Hippó, Anselms frá Kantaraborg, Tómasar af Akvínó, Lúthers og Kalvíns sem allir hafa svarað spurningunni á sinn hátt. Fremur en að leita til lærðra karlgúðfræðinga fyrri alda sem samræðuaðila í þessari grein vel ég að snúa mér til kvenguðfræðinga í okkar samtíð. Fyrir valinu verða tveir femínískir guðfræðingar, þær Marie M. Fortune og Wendy Farley, sem eiga það m.a. sameiginlegt að vera þekktir fulltrúar nýsköpunar á sviði trúfræði og siðfræði.² Það sem einkennir guðfræði beggja er sterk tenging milli spurningarinnar hér að framan og reynslu kvenna af ofbeldi í nánnum samböndum. Afstaða þeirra er sú að kristinni guðfræði beri að nálgast allt tal um almætti Guðs á gagnrýninn hátt og leggja það tal á vogarskálar þar sem mannleg reynsla fær jafnframt að koma til tals. Með öðrum orðum má lýsa þessari guðfræðilegu afstöðu svo að með henni sé lögð áhersla á gagnkvæm tengsl milli guðsmyndar og mannskilnings: Þekking á Guði felur jafnframt í sér þekkingu á manningum; það sem við vitum um Guð, edli hans og birtingarmyndir, afhjúpar um leið mannlegt edli og hvernig það birtist í heiminum. Þessi afstaða er langt því frá ný í guðfræðisögunni og sú guðfræðilega táknmynd sem gjarnan er notuð til að tjá hana er *mynd Guðs* (lat. *imago Dei*),

¹ Postullega trúarjátningin, Nikeujátningin, Aþaníusarjátningin og Ágsborgarjátningin eigna Guði allar þann eiginleika að vera almáttugur og sá skilningur endurspeglar í kristnu helgihaldi þar sem Guð er þrífaldlega ávarpaður eða umtalaður sem „almáttugur“ í bænum og blessunum. Í 1. grein Ágsborgarjátningarinnar er sagt um Guð að hann sé „ómælanlegur að mætti“.

² Marie M. Fortune, *Sexual Violence: the sin revisited*, Cleveland, Ohio: The Pilgrim Press, 2006; Marie M. Fortune, „The transformation of Suffering: a biblical and theological perspective“, Carol J. Adams og Marie M. Fortune (ritstj.), *Violence against Women and Children: a Christian theological sourcebook*, New York: Continuum, 1995, bls. 85–91. Wendy Farley, *Gathering those driven away: a theology of incarnation*, Louisville, Kentucky: Westminster John Knox Press, 2011; Wendy Farley, „Evil, Violence, and the Practice of Theodicy“, John S. McClure og Nancy J. Ramsay (ritstj.), *Telling the Truth: preaching about sexual and domestic violence*, Cleveland, Ohio: United Church Press, 1998, bls. 11–20.

klassískt guðfræðilegt hugtak sem tengir saman mannskilning og guðsskilning og dregur þar með upp útlínur að því hvað mannlegt líf felur í sér.

Guð og hið illa

Hvernig má skýra það að guðsmynd kristinnar hefðar hafi löngum einkennst af áherslu á almætti Guðs? Er skýringin sú að sá skilningur hafi komið heim og saman við mannlega reynslu?³ Margir guðfræðingar, ekki síst úr röðum femínískra guðfræðinga, hafa svarað þessari spurningu neikvætt og bent á margvísleg guðfræðileg og siðfræðileg vandamál sem tengist þessari guðsmynd.⁴ Þekktast þar á meðal er án efa klassískt vandamál sem kallað hefur verið *guðvörn* á íslensku en það vísar til grísku hugtakanna *theos* sem merkir guð og *diké* sem merkir réttlæti. *Theos-diké*, guðvörnin, er vandamál sem hverfist um tengsl Guðs og illskunnar, nánar tiltekið um hvernig sé hægt að réttlæta tilvist Guðs í ljósi tilvistar illskunnar.⁵ Samkvæmt kristinni trú og opinberun vill Guð aðeins hið góða. Eðli Guðs er kærleikur og réttlæti (sbr. Slm 97.2; Matt 5.43–48; 1Jóh 4.7 og áfram) en hið illa, kærleikslausa og óréttlæta er óvinur Guðs. Til að ná betur utan um þetta má skipta vandamáli illskunnar upp í tvennt, í hina siðferðilegu illsku og hina náttúrulegu illsku.⁶ Mikilvæg trúarleg spurning sem tengist því fyrirnefnda er hvaðan hið illa komi ef Guð hafi skapað manninn og vilji hið góða? Velji maður klassíska, siðfræðilega leið innan guðfræðisögunnar í leit að svári, nefnilega þá að Guð hafi skapað manninn með frjálsan vilja, þá er svarið við ofangreindri spurningu augljóslega það að siðferðileg illska meðal manna verði til þegar manneskjur velji hið illa eða láti hjá líða að velja hið góða. Siðferðileg illska tengist þar með alltaf gerendum af holdi og blóði.⁷

Náttúruleg illska er af nokkuð öðrum toga en hin siðferðilega, en með henni er yfirleitt vísað til alls mögulegs sem hindrar eða eyðileggur hið góða líf manneskjunnar, en tengist þó ekki beinlínis verkum eða breytni manna. Dæmi um slíkt geta verið slys, sjúkdómar, náttúruhamfarir og þjáning þeim samfara. Svipaðar trúarlegar spurningar og varða hina siðferðilegu illsku koma þó upp í tengslum við hina náttúrulegu illsku: Af hverju gerist þetta þegar almáttugur Guð er til sem vill manneskjum allt hið besta?⁸ Getur Guð ekki hindrað slíkt eða vill hann það ekki? Guðvarnarvandamálið hverfist því um það hvernig hægt sé að réttlæta hinn klassíska guðsskilning í ljósi mannlegrar reynslu af böli, eða með öðrum orðum, hvernig algóður og almáttugur Guð geti leyft að saklaust fólk þjáist.⁹

Hér á eftir mun ég leitast við að túlka guðfræðilegt og siðfræðilegt framlag þeirra Fortune og Farley í völdum lykiltextum og færa rök fyrir því að framlag þeirra eigi ríkt erindi í kirkjulegu starfi, ekki síst á sviði sálgæslu. Forsenda túlkunar þeirra er þekking þeirra á reynslu kvenna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi.¹⁰

³ Hér er nærtækt að vísa til Jobsbókar sem fjallar um vandamál þjáningarinnar og hins illa af einstöku innsæi og næmi.

⁴ Sjá t.d. Kari Elisabeth Børresen (ritstj.), *Image of God and Gender Models*, Oslo: Solum Forlag, 1991.

⁵ Sjá Einar Sigurbjörnsson, *Credo: Kristin trúfræði* (2. útg.), Reykjavík: Háskólaútgáfan, Guðfræðistofnun, 1993, bls. 145.

⁶ Jarl Hemberg, Ragnar Holte og Anders Jeffner, *Människan och Gud*, Lund: Liber förlag, 1982, bls. 91.

⁷ Sama heimild, bls. 92–95.

⁸ Rétt er að benda á að margt er líka ólíkt varðandi þær spurningar sem upp koma í tengslum við náttúrulega illsku en um það er ekki fengist í þessari grein sem tekur einvörðungu til hinnar siðferðilegu tegundar illskunnar.

⁹ Hemberg, Holte og Jeffner, *Människan och Gud*, bls. 95–97.

¹⁰ Hér er ástæða til að benda á ólíkan bakgrunn þeirra varðandi þessa þekkingu og reynslu. Fortune hefur áratuga langa reynslu af meðferðarstarfi með konum, sem orðið hafa fyrir ofbeldi, jafnframt því að vinna að rannsóknum á sviðinu, en Farley hefur einvörðungu unnið innan akademíunnar. Að eigin sögn, hefur hennar eigin reynsla af ofbeldi hins vegar mótað guðfræði hennar síðustu áratugi.

Fortune, sem ég fjalla um á undan, er gefið meira rými í greininni miðað við Farley og skýrist það af því að guðfræðilegri túlkun þeirra ber saman um margt, sem ég tel þ.a.l. óþarft að tvítaka í umfjöllun minni um framlag Farley. Fyrir utan guðsmyndina sem er í brennidepli túlkunar minnar á textum þeirra beggja, beini ég sérstakri athygli að framsetningu Fortune á muninum á óþvingaðri og þvingaðri þjáningu, en aftur á móti að afleiðingum ofbeldisins fyrir sjálfsmyndina hjá Farley. Til að skýra betur gagnrýnið tal Fortune og Farley um guðsmyndina vel ég að taka dæmi úr nýlegri íslenskri bók, *Hljóðin í nóttinni*, eftir Björgu Guðrúnu Gísladóttur en sú bók er minningasaga fullorðinnar konu sem upplifði heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi sem barn.¹¹ Guðsmynd og sjálfsmynd persónunnar sem upplifir ofbeldið í þessari bók þykir mér varpa sérlega skýru ljósi á guðfræðilegt og siðfræðilegt innihald þess sem Fortune og Farley hafa fram að færa.

Guðsmynd, ofbeldi og þjáning

Marie M. Fortune hefur rúmlega þrjátíu ára reynslu og þekkingu úr meðferðarstarfi meðal trúaðra kvenna sem leitað hafa til stofnunar hennar *Faith Trust Institute* í Seattle í Bandaríkjunum sem þolendur heimilisofbeldis eða kynferðisofbeldis.¹² Hún beinir sjónum að algengri spurningu þessara kvenna sem tjá má með þessum orðum: „Hvar er Guð í þjáningu minni?“ Þessi brennandi spurning, sem varðar svo sannarlega guðvarnarvandamálið sem nefnt var í byrjun greinarinnar, segir hún að hafi tvær hliðar sem mikilvægt sé að aðgreina. Önnur hliðin veit að spurningum um *orsök* þjáningarinnar en hin snýr að *merkingu* þjáningarinnar.¹³ Þá hlið sem veit að orsökinni telur hún mikilvægt að tengja guðfræðilegri orðræðu um siðferðilega illsku, því langoftast sé það svo að þjáning fólks vegna ofbeldis eigi sér manngerða orsök. Fortune grípur til trúarlegs tungutaks til að skýra mál sitt og segir að það sé „synd“ mannsins sem orsaki mest af því böli sem fyrirfinnst í heiminum. Guð hafi gefi mönnum frjálstan vilja og hann taki ekki fram fyrir hendur þeirra þegar þeir velji að nota frelsi sitt á óréttlátan og illan hátt. Þjáning fólks annars vegar og óréttlátar gerðir fólks hins vegar, eru því tvær hliðar á sömu mynt í guðfræðilegum og siðfræðilegum hugmyndaheimi Fortune. Manneskjur þjást vegna óréttlátrar breytni, annaðhvort sinnar eigin eða annarra. Þessa mjög svo þekktu guðfræðilegu skýringu finnst Fortune að flestir, trúaðir jafnt sem ekki trúaðir, ættu að geta samþykkt. Þegar um sé að ræða yfirsjónir og bráðræði í breytni fólks, megi fella flest af því undir siðferðilega illsku.¹⁴

Þetta er þó ekki alveg svona einfalt. Það sem skekkir skýringarmynd Fortune allverulega er sú þekking sem á upptök sín í meðferðarstarfi með þolendum ofbeldis. Sú þekking birtir sterka tilhneigingu meðal kristinna kvenna í þá veru að kalla Guð til ábyrgðar fyrir ofbeldið eða, sem jafnvel er enn alvarlegra, að ásaka sjálfar sig fyrir það ofbeldi sem þær hafa mátt þola. Hvernig má þetta vera? Til að skilja þetta beinir Fortune athyglinni að tvennu: Guðsmynd þolenda annars vegar og sjálfmynd þeirra hins vegar, en hið síðara byggir að sjálfsögðu á kristnum mannskilningi eins og hann hefur oft og tíðum verið túlkaður í kristinni trúarhefð. Í hugum margra trúaðra kvenna sem þolað hafa heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi, bendir Fortune á, er guðsmyndin margslungin. Guð

¹¹ Björg Guðrún Gísladóttir, *Hljóðin í nóttinni: Minningasaga*, Reykjavík: Veröld, 2014.

¹² Sjá upplýsingar um markmið og vinnu þessarar stofnunar á slóðinni: <http://www.faithtrustinstitute.org/>.

¹³ Marie M. Fortune, *Sexual Violence*, bls. 128; Marie M. Fortune, „The Transformation of Suffering“, bls. 85.

¹⁴ Sama heimild, sama stað.

sé ekki aðeins algóður og kærleiksríkur faðir heldur einnig strangur dómari sem ekki sé auðvelt að gera til geðs. Samkvæmt kristinni túlkun og boðun eigi líf hins trúaða að ganga út á að reyna að líkjast Guði og gera hið góða, sem þó sé harla vonlaust þar sem mannskilningur kristni sé oft mjög bölsýnn á getu mannsins til að gera hið góða. Þannig hafi þolendur kynferðisofbeldis og heimilisofbeldis oft mjög veika sjálfsmýnd og upplifi sig fyrst og fremst sem ófullkomnar manneskjur og syndara sem fátt geti gert rétt og eigi auk þess fátt gott skilið. Þegar saman komi í einni og sömu persónunni slíkur skilningur á Guði annars vegar og á sjálfri sér hins vegar, sé ekki að undra þótt útkoman verði sú sem raun ber vitni, að þolandinn beini sjónum inn á við og upp á við, í leit að skýringu á ofbeldinu. Þannig atvikast það, ályktar Fortune, að þegar trúað fólk, fullorðnir jafnt sem börn, verður þolendur ofbeldis, leitar það að orsök þess ýmist hjá sjálfu sér eða hjá Guði sem það telur að hafi neyðst til að hegna því fyrir vonda breytni. „Ég hlýt að hafa syndgað, enda hef ég gert svo ótalmargt rangt, það er ekki nema von að Guð refsí mér fyrir það,“ segja iðulega þær konur sem eftir heimilis- eða kynferðisofbeldi leita meðferðar á *Faith Trust*-stofnun Marie Fortune. Í stað þess að beina ásökunum sínum að gerandanum fyrir það sem hann hefur gert þeim, ásaka þolendur sjálfa sig fyrir að hafa syndgað gegn Guði og finna síðan réttlætingu þess að Guð verði að hegna þeim. Sumar þeirra leita allt aftur í barnæsku sína að atvikum þegar þeim varð á, kannski brutu þær eitthvað af sér gegn foreldrum sínum eða öðrum og fyrir slíkt refsar Guð manni greinilega síðar! Með slíka guðsmýnd og sjálfsmýnd í trúarlegu farteski sínu, hljóðar niðurstaða Fortune, hrekjast margir þolendur endanlega frá Guði og guðstrú og hafna í algeru, andlegu svartnætti. Hugmyndin um vald og almætti Guðs verður hreint út sagt að skelfilegum veruleika.¹⁵

Áður en lengra er haldið skulum við nú líta á nokkur dæmi um guðsskilning og trúarlegan sjálfskilning eins og hann birtist frá sjónarhóli barns í bókinni *Hljóðin í nóttinni*. Markmiðið með því er að leitast við að varpa nánara ljósi á það sem Fortune hefur útskýrt hér að framan. Litla stúlkan úr Höfðaborginni í Reykjavík fyrir nokkrum áratugum gengur í sunnudagaskóla og þar mótast guðsskilningur hennar jafnt sem sjálfskilningur á grundvelli trúarlegrar boðunar og túlkunar um samband Guðs og manns í heiminum. Hún tekur yngri systur sínar með í sunnudagaskólann, vegna þess að henni finnst að „þær þurfi líka að kynna þessu öllu, Guði og Jesú. Þær þurfa að vita að það er fylgst með þeim, svo þær séu ekki að gera eitthvað ljótt af sér. En ég þarf oft að minna þær á það þegar þær eru óhlýðnar við mig.“¹⁶ Í þessum orðum stúlkunnar endurómar þekkt sunnuskólalag þar sem sungið er um „Guð á himnum há sem horfir litlu börnin á“ — og þeim bent á að gæta sín að gera ekkert rangt. Sunnudagaskólaguðinn sem stúlkunni er boðaður líkist ströngu foreldri sem fylgist með hverju fót máli lítilla barna og sjálf er hún stundum sett í ótímabært foreldrahlutverk gagnvart yngri systur sínum sem auðveldar henni að samsama sig ábyrgðar- og eftirlitslutverkinu. Auk þess að vera strangur eftirlitsmaður er Guð sunnudagaskólans einnig einstaklega góður og kærleiksríkur. Vandamálið er bara það að hann er ósýnilegur og getur því ekki gripið inn í atburði sem hann hefði þó sannarlega þurft að skipta sér af. Hin flókna, margslungna guðsmýnd barnsins rúmar því allt í senn; ósýnilegan, góðan Guð sem samtímis er raunverulega strangur og refsandi. Dæmi um raunveruleika hans, þrátt fyrir ósýnileikann, er að hann merkir t.d. fólk í hjartanu með

¹⁵ Marie M. Fortune, *Sexual Violence*, bls. 132.

¹⁶ Björg Guðrún Gísladóttir, *Hljóðin í nóttinni*, bls. 78.

litum og aðgreinir það þannig í góða einstaklinga og slæma. Þetta gerir hann með því að setja ósýnilegar dúfur inn í það:

Þá er auðveldara fyrir hann að fylgjast með okkur. Mig langar að vera með hvíta dúfu í hjartanu, ég ætla að reyna að vera góð. Stundum er það erfitt, því stundum hugsa ég óvart eitthvað ljótt og svo get ég ekki hætt að hugsa ljótt. Það byrjar með einni hugsun, svo vindur hún upp á sig og áður en varir er ég farin að hugsa um hræðilega hluti. Þegar ég hugsa alls konar ljótt, þá er svo gott að geta í Faðirvorinu beðið Guð fyrirgefningar á að vera svona vond.¹⁷

Eins og áður hefur verið nefnt elst barnið upp við heimilisofbeldi þar sem móðirin verður ítreakað fyrir barsmiðum af hálfu sambýlismannsins. Einnig verður stúlkan fyrir kynferðisofbeldi. Þessar hræðilegu aðstæður sem einkennast af ótta og kvíða, aðallega fyrir hönd móðurinnar, hafa sín áhrif á guðsskilning barnsins. Hún biður Guð sem er svo góður að láta allt vera í lagi, „að passa að þau fari nú ekki að rífast“.¹⁸ Sú bæn rætist þó sjaldnast, ofbeldið heldur áfram og barnið veltir fyrir sér hvort „einhver engill gæti okkar systkinanna“, en telur það ósennilegt því líklega „gæta þeir bara barna sem eru alltaf góð og í nýjum fötum, sem eiga heima í fallegum húsum og góð lykt er af“. Ályktun stúlkunnar er að hún sé ekki verð verndar Guðs, þrátt fyrir að hann sé góður og kærleiksríkur og þrátt fyrir að hún leggi sig alla fram. Allt í aðstæðum hennar bendir til hins gagnstæða. Strangleiki hans virðist gæskunni yfirsterkari, það er sama hvað hún reynir til að bæta ömurlegar aðstæðurnar, hjálpa mömmu sinni, gera hana hamingjusama og passa systkini sín: „Ég veit ekki hvað ég get gert nema að vera góð og hlýðin við hana eins og amma er alltaf að segja mér að vera.“¹⁹

Svo vísað sé til umræðunnar hér að framan má segja að hér stöndum við frammi fyrir guðvarnarvandamálinu í hnotskurn þar sem ómögulegt reynist að sameina gæsku og almætti Guðs annars vegar og hins vegar reynslu af ofbeldi, þjáningu og óréttlæti. Séð í ljósi dæmanna hér að framan skiljum við nú að kjarni þessa vandamáls er ekki röklegs eðlis heldur fyrst og fremst tilvistarlegs. Við stöndum frammi fyrir ákveðnum mörkum í mannlegri hugsun. Þjáningin er raunveruleg í heiminum og á stundum óbærileg. Frá sjónarhóli barnsins er ekki nokkur leið að gagnrýna eiginleika Guðs eins og þeir hafa verið boðaðir í sunnudagaskólanum. Til þess hefur stúlkan engin efni, ekkert vald. Guð er algóður og almáttugur samtímis. Þrátt fyrir það þjáist hún. Þjáning hennar fær ekkert svar annað en það að annaðhvort vill Guð að hún þjáist eða þá á hún sjálf alla sök á eigin aðstæðum vegna þess hve ófullkomin og syndug persóna hún er.

Fortune myndi án efa mótmæla þeirri guðsmynd sem boðuð var í sunnudagaskóla litlu stúlkunnar úr Höfðaborginni og benda á að hún standist engan veginn í ljósi guðsmyndar Nýja testamentisins. Hún vísar í 1Jóh 4.16 þar sem segir: „Við þekkjum kærleikann, sem Guð hefur á okkur, og trúum á hann. Guð er kærleikur og sá sem er stöðugur í kærleikanum er stöðugur í honum.“ Guð Nýja testamentisins getur ekki valdið óréttlæti

¹⁷ Sama heimild, bls. 79.

¹⁸ Sama heimild, bls. 80.

¹⁹ Sama heimild, bls. 100–101. Þessi niðurstaða á í raun og veru ekki eftir að breytast eins og fram kemur undir lok bókarinnar. Þar segir frá því að í meðferð hjá geðlækni á fullorðinsárum hafi komið að því „að takast á við gömlu skoðanirnar sem umhverfið hafði prentað inn í mig. [...] Í einum tímanum tókum við á reiði minni gagnvart Guði. Við skiptumst á að leika Guð uppi á stól, ég öskraði á hann og blótaði honum í sand og ösku. Ég og Guð tókumst verulega á en sættumst að lokum, þó ég skildi hann ekki. Við urðum sammála um að vera ósammála“ (bls. 208–209). Hér má túlka það svo að guðvarnarvandamálið leysist aldrei sem slíkt, ekki skapast dýpri skilningur á því hvað geti falist í valdi og kærleika Guðs. Guð hjálpaði ekki þegar mest á reið. Það er einmitt umbreyttur skilningur á kærleika og valdi Guðs sem Fortune og Farley vilja leggja fram svo kirkjulegt sálgæslustarf megni að hjálpa þöndum heimilisofbeldis og kynferðisofbeldis að endurreisa sig eftir þær þjáningar sem þeir hafa mátt líða.

og þjáningu, staðhæfir hún! Þvert á móti er það svo að Guð er uppspretta réttlátrar reiði í garð þess félagslega umhverfis og fólks sem veldur meðbræðrum sínum og systur þjáningu, en jafnframt uppspretta samlíðunar og miskunnsemi í garð þeirra sem þjást. Orsök rangrar og jafnvel hættulegrar guðsmyndar innan kristinnar boðunar rekur hún til hefðbundinnar túlkunar á eiginleikum Guðs, sérstaklega útleggunga á eiginleikum almætti og gæsku og hvernig þeir hafa verið ranglega tengdir við hina tilvistarlegu spurningu um merkingu þjáningarinnar. Við skulum nú flytja sjónarhornið örlítið og líta betur á guðfræðilega og siðfræðilega túlkun Fortune á því máli.

Snúum okkur að merkingu þjáningarinnar en það er hin hlið spurningarinnar „Hvar er Guð í þjáningu minni?“ sem Fortune sagði miðlæga í sálgæslu og meðferð trúaðra þolenda heimilisofbeldis og kynferðisofbeldis. Er það mikilvægt að geta fundið merkingu í þjáningunni? Hinn þekkti heimspekingur og geðlæknir Viktor E. Frankl (1905–1997) hefði án efa gefið jákvætt svar við þeirri spurningu enda þekktur fyrir það viðhorf að bæði sé mögulegt og mikilvægt að skapa merkingu í því sem næst óhugsanlegum lífsaðstæðum.²⁰ Frankl, sem var tekinn til fanga af nasistum, vitnar í orð Nietzsche í frásögn sinni af því hvernig hann leitaðist við að hjálpa meðföngum sínum að sjá tilgang í vonlausri þjáningunni: „Sá, sem hefur eitthvað *hvers vegna* til að lifa fyrir, afber næstum allt *hvernig*.“²¹ Kjarnaatriði tilvistarkenningar þeirrar sem Frankl aðhylltist og byggði lógóþerapíu sína á, er einmitt í þessum anda: Að lífið sé þjáning og að lifa af felist í að finna henni tilgang. Frankl skrifar:

Þegar þjáningin er óumflýjanleg verður maðurinn að taka þjáningunni eins og verkefni, einstæðu verkefni sem honum er einum ætlað. Hann verður að gera sér grein fyrir því að jafnvel í þjáningunni er hann einstæður og einn í heiminum. Enginn getur losað hann undan þjáningunni eða þjást fyrir hann. Einstætt tækifæri hans er í því fólgið að velja hvernig hann ber það sem á hann er lagt.²²

Fortune myndi vera sammála Frankl um hversu mikilvægt það sé fyrir fólk að finna lífinu tilgang og merkingu. Það getur hún staðfest vegna reynslu sinnar af meðferðarstarfi. Þar sýnir það sig að fjölmargar konur sem orðið hafa fyrir persónulegu ofbeldi eiga erfitt með að samþykkja hið margræða og oft duttlungafulla sem einkennir það. Í stað þess að horfast í augu við að hræðilegir hlutir eiga sér stað, oft algerlega án skynsamlegra skýringa eða röklegs samhengis, er mjög mikilvægt fyrir flesta sem orðið hafa fyrir ofbeldi að leita að merkingu eða tilgangi þess sem gerst hefur. Fortune nefnir nokkur dæmi um tilraunir til merkingarsköpunar en í flestum tilvikum gefa hinar kristnu konur sér það að Guð, sem öllu ráði og sé jafnframt algóður, sé á bak við ofbeldið, með einhverjum óskiljanlegum hætti. Sumar tala um að ofbeldið sé til þess að þroska þær, aðrar að tilgangurinn hljóti að vera sá að þær verði sterkari sem manneskjur ef þær láti ekki bugast, enn aðrar að Guð sé að reyna að styrkja þær í trúnni, líkt og Abraham forðum! Kjarninn er alltaf sá sami: Ef hægt er að finna ofbeldinu æðri merkingu, þá er þjáning þeirra réttlætun og um leið skiljanlegri. Þjáning án æðri eða dýpri merkingar leiðir til örvæntingar, líkt og Frankl hélt fram.²³

Á þessum punkti virðist mér að leiðir skilji með þeim Fortune og Frankl. Fortune getur ekki samþykkt svo afdráttarlaust viðhorf að í öllum kringumstæðum lífsins sé mikilvægt

²⁰ Viktor E. Frankl, *Leitin að tilgangi lífsins* (þýðing Hólfríðar K. Gunnarsdóttur), Reykjavík: Háskólaútgáfan, Siðfræðistofnun, 2006, 3. prentun, [1962].

²¹ Sama heimild, bls. 74.

²² Sama heimild, bls. 75.

²³ Marie M. Fortune, *Sexual Violence*, bls. 136, Marie M. Fortune, „The Transformation of Suffering“, bls. 87.

að finna þjáningunni merkingu. Til að útskýra þetta nánar greinir Fortune á milli sjálfvalinnar þjáningar og þvingaðrar þjáningar. Óþvinguð þjáning er sársaukafull reynsla sem manneskja velur til þess að ná einhverju takmarki sem er henni mikils virði, segir Fortune. Aðeins þjáning sem er valin á slíkum forsendum getur tengst æðra eða veigameira takmarki í lífi manneskju. Þjáning Jesú á krossinum er dæmi um óþvingaða þjáningu. Þjáning hans var óréttlát, en hann vék sér ekki undan henni, þótt hann gæti það, segir Fortune og vitnar í Biblíuna og túlkun Nýja testamentisins á krossdauða Jesú:

Þetta er köllun ykkar. Því að Kristur leið einnig fyrir ykkur og lét ykkur eftir fyrirmynd til þess að þið skylduð feta í fótspor hans. „Hann drýgði ekki synd og svik voru ekki fundin í munni hans.“ Hann svaraði ekki með illmælum en honum var illmælt og hótaði eigi er hann leið, heldur fól það honum á vald sem dæmir réttvíslega. (1Pét 2.21–23)

Jesús var sannarlega engin gólfpurra, skrifar Fortune, hann hefði ekki þurft að þjást og deyja, ef ekki hefði verið fyrir það óréttláta samfélag sem hann lifði og hrærðist í sem vildi ekki taka á móti honum. Jesús var staðfastur í trú sinni á Guð og það guðsríki sem hann boðaði (Mark 1.15). Hann hikaði því ekki og tók afleiðingum boðunar sinnar með dauða á krossi. Þjáning hans var því ekki merkingarlaus, segir Fortune, ofbeldið sem hann fékk að reyna var meira en bara niðurlæging og valdbeiting.²⁴

En jafn mikið og Fortune er reiðubúin til að viðurkenna óþvingaða þjáningu í mjög sérstökum aðstæðum, jafn lítið finnur hún sig knúna til að viðurkenna þvingaða þjáningu. Slíka þjáningu á aldrei að gera að grundvelli merkingar og gilda, segir hún, því hún miðar ekki að neinu öðru, af gerandans hálfu, en að meiða og særa hér og nú. Allt persónulegt ofbeldi í nánnum samböndum fellur þar með undir síðari skilgreininguna hjá henni og það á ekki að leggja sig fram við að leita neins konar æðri merkingar fyrir þá þjáningu sem það veldur.²⁵ Að þessu sögðu er rétt að staldra við og spyrja: Hvernig ber starfsfólki kristinnar kirkju að fara með þá þekkingu sem Fortune afhjúpar hér, að kristnar konur sem þolað hafa heimilis- og kynferðisofbeldi hafa sterka tilhneigingu til að leita æðri merkingar ofbeldisins, ásamt því að leita að skynsamlegri orsök þess sem gerst hefur, annaðhvort hjá sjálfum sér eða Guði sínum. Hvernig á t.d. kristin sálgæsla að mæta þeim kristnu einstaklingum sem koma til hennar með spurningar eins og: „Hvers vegna lætur Guð mig bera slíkan kross? Hvers vegna verð ég að þjást? Hvað hef ég gert til að eiga þennan sársauka skilið?“

Svar Fortune við þessum spurningum er blæbrigðaríkt. Í fyrsta lagi bendir hún á að mikilvægt sé að skilja að manneskjur sem beri upp slíkar spurningar séu að reyna að endurheimta tókin á lífi sínu. Skilningur þeirra á guddómnum og manneskjunni, sem mótast hefur í trúarlegu, kristnu samhengi, geri það að verkum að þær haldi að ef þær aðeins ná að skilja æðri merkingu þjáningar sinnar, eða orsök hennar, muni þær geta sæst við það sem gerðist. Að mæta slíkum einstaklingum með útbreiddan faðminn, en á forsendum annars konar guðsskilnings og annars konar mannskilnings, er nauðsynlegt, segir Fortune, ef hægt á að vera að hjálpa þeim. Kasta verði hinu afbakaða og skrumskælda út í hafsauga. Guð hinna kristnu sé alls ekki slíkur að hann refsir og hegna börnum sínum fyrir óhlýðni og syndir með ofbeldi. Guð komi ekki nálægt gerðum ofbeldismanna. Hann beiti ekki meðulum hins illa til að ná fram hinu góða. Ekkert gott spretti af hinu illa. Mannskilningurinn sem helst í hendur við slíkan skilning á Guði er álíka skrumskældur og lýsir vonlausri mannveru sem stöðugt þarf að tyfta og aga. Í stað þessara mynda býður

²⁴ Marie M. Fortune, „The Transformation of Suffering“, bls. 87.

²⁵ Sama heimild, bls. 88.

Fortune upp á ögrandi valkost sem hún hvetur alla, sem vilja hjálpa kristnum einstaklingum sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi, að hugleiða. Sá kostur er einfaldlega að ekki skuli stuðlað að leit að merkingu í þjáningu af mannlegum völdum, og að ekki eigi að taka þátt í leit að skilningi á slíkum Guði sem gæti hafa orsakað og sent þolendum ofbeldi sem refsingu. Guð hinna kristnu geti ómögulega átt nokkurn þátt í ofbeldi, hann hafi hvorki orsakað það né sent það til að þroska viðkomandi. Með því að taka þátt í leit að svörum við slíkum spurningum, segir hún, hverfur áherslan á það sem er allra mikilvægast, en það er að kalla hina raunverulegu gerendur ofbeldisins til ábyrgðar hér og nú og leita réttlætis fyrir þolendur:

Hvorki hindurvitni né leit að æðri merkingu hvetur nauðsynlega til þess að tekist sé á við raunverulega uppsprettu ofbeldisins, sem er hegðun ofbeldismannsins. Hvorugt hvetur þolandann til að draga ofbeldið í efa. Hvorugt hvetur þolandann til að leita réttlætis. Hvorugt veitir guðfræðilega fullnægjandi svör fyrir trúaða manneskju.²⁶

Til að leggja áherslu á biblíulegan grundvöll þessarar skoðunar sinnar vísar Fortune í frásögn Nýja testamentisins þar sem Jesús hittir blindan mann en í henni er Jesús spurður hver sé orsök þjáningar hans (Jóh 9.1–12). Lærisveinarnir spurðu hann: „Rabbí, hvort hefur þessi maður syndgað eða foreldrar hans fyrst hann fæddist blindur?“ (v. 2). Jesús svarar þeim og segir: „Hvorki er það af því að hann hafi syndgað eða foreldrar hans heldur til þess að verk Guðs verði opinber á honum. Okkur ber að vinna verk þess er sendi mig meðan dagur er. Það kemur nótt þegar enginn getur unnið“ (v. 3–4). Biblíutúlkun Fortune hér gengur út á að Jesús láti spurningu lærisveinanna um orsök þjáningar blinda mannsins sem vind um eyrun þjóta og svari henni í engu. Það sama gildi einnig um spurninguna um merkingu þjáningarinnar. Í stað slíkra vangaveltna beinir Fortune athygli okkar að því hvað Jesús aðhefst. „Að svo mæltu skyrpti hann á jörðina, gerði leðju úr munnvatninu, strauk leðju á augu hans og sagði við hann: „Farðu og þvoðu þér í lauginni í Sílóam. Hann fór og þvoði sér og kom aftur sjáandi“ (v. 6–7).

Dæmið af Jesú og viðbrögðum hans við spurningunni um orsök og merkingu þjáningar blinda mannsins á, að mati Fortune, að vera öllu kristnu fólki til eftirbreytni, bæði þeim sem orðið hafa fyrir ofbeldi og þeim sem vilja aðstoða einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Í stað þess að leggja í flókna umræðu um orsök og æðri merkingu ofbeldis og þjáningar af völdum þess, á kirkjan öll að starfa í anda Jesú. Kirkjan á að breyta líkt og Jesús gerði. Jesús læknaði blinda manninn á staðnum. Án útskýringa. Guðsmynd Jesú er skýr, Guð er kærleikur og læknaði kraftur, ekki strangur, refsandi dómari. Einstaklingar sem orðið hafa fyrir ofbeldi, segir Fortune, mega ekki týna sér í útskýringum á orsök og merkingu ofbeldis. Jesús sleppti því umræðuefni þegar hann stóð andspænis þjáningunni og vatt sér strax í það sem er mikilvægast: Að gera hið góða, hjálpa þolandanum, græða, lækna og aðstoða — hvað sem líður orsök og merkingu bölsins. Eftirbreytni í kirkjulegu starfi við þeirri gjörð Jesú er augljós, að mati Fortune, hún felst í því hjálpa þeim sem orðið hafa fyrir ofbeldi hér og nú, nokkuð sem felur jafnframt í sér þá skyldu að krefja ofbeldismennina um ábyrgð og samfélagið um réttlæti.²⁷

Nú höfum við hugleitt rækilega þau hugtök sem nefnd voru í byrjun greinarinnar, nefnilega guðvörn og guðsmynd og einnig hafa hugtökin mannskilningur og sjálfskilningur komið við sögu. Spurningarnar um orsök og merkingu þjáningar sem Fortune hefur dvalið við tengjast þessum hugtökum náíð. Túlkun Fortune á guðvarnar-

²⁶ Sama heimild, bls. 88.

²⁷ Sama heimild, bls. 89–91.

vandamálinu, sem byggist á þekkingu hennar á upplifunum kvenna sem orðið hafa fyrir heimilis- og kynferðisofbeldi, finnst mér þess virði að íhuga mjög alvarlega. Sú túlkun gengur út á það að í kristnu, kirkjulegu starfi, ekki síst innan sálgæslunnar, leggi fagfólk að mestu leyti til hliðar tal um hina klassísku guðseiginleika, *omnipotent* og *omniscient*, í merkingunni almáttugur og alvitur Guð.²⁸ Ekki er erfitt að deila biblíutúlkun hennar og þeirri sýn að kristin trú og opinberun bjóði ekki upp á þá túlkun að Guð sé slíkur að hann agi menn og hegni þeim fyrir syndir sínar og ófullkomleika. Allt heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi er manngert, þ.e. orsakað af mönnum og þá mannlegu gerendur á að kalla til ábyrgðar fyrir því og enga aðra. Ofbeldið á ekki orsök sína hjá Guði, það er ekki tæki hans til að ná fram markmiði sínu með tilveru mannsins, né er það tilkomið vegna yfirsjóna og mistaka manneskjunnar. Sú freisting sem virðist vera allnokkur fyrir kristið fólk, að bera eigin þjáningar saman við þjáningar Jesú, og réttlæta eigin þjáningu með því að þar sem Jesús hafi þurft að þjást, sem var þó án syndar, sé skiljanlegt og réttlætanlegt að manneskjur þjáist, er einfaldlega þess eðlis að hana þarf að standast. Þessi samanburður er rangur, bæði guðfræðilega og siðfræðilega, eins og Fortune bendir á með skýrum hætti. Ólíku er saman að jafna. Túlkun kristni á öllum öldum á þjáningu Jesú er að hún hafi verið sinnar gerðar, þ.e. ólík allri mannlegri þjáningu, því þjáning Jesú var frjálst valin. Það á ekki við um þjáningu þeirra sem verða fyrir heimilisofbeldi eða kynferðisofbeldi. Þeir eru þolendur mannlegs ofbeldis sem á sér enga siðfræðilega eða guðfræðilega réttlætingu. Gerendur slíks ofbeldis eru einir ábyrgir fyrir því. Að þolendur geri sjálfa sig eða Guð ábyrga fyrir heimilisofbeldi stenst enga skoðun, hvort sem hún er guðfræðileg, siðfræðileg eða annars eðlis. Þá er Jesús á krossinum heldur ekki tákni kristinna fyrir þjáningu og böll, heldur þvert á móti tákni um kærleika, því dauði hans á krossi var ekki síðasta orðið, heldur upprisan. Kristinn boðskapur hljómar þannig að Jesús hafi unnið sigur á þjáningunni og dauðanum á krossi. Það dregur ekki úr þjáningu hans og allra þeirra sem líða. Þjáningu fórnarlamba ofbeldis á kirkjan því að taka alvarlega með því að aðstoða fórnarlambið, reisa það við og hjálpa til við að ná fram rétti þess. Til þess þarf að kalla gerendur og samfélagið allt til ábyrgðar fyrir það óréttlæti sem átt hefur sér stað. Krossfestingu Jesú og það ofbeldi sem hann varð að líða í tengslum við hana, má aldrei skoða sem líkan fyrir æðri merkingu ofbeldis og þjáningar, heldur sem von um nýtt, umbreytt líf handan ofbeldis, þjáningar og dauða. Með það að leiðarljósi á að veita fórnarlömbum ofbeldis aðstoð og hjálp.

Líknsemi sem vald Guðs

Ofbeldið í samfélögum okkar, einkum það sem beinist að konum og börnum, hefur einnig verið hvati að skapandi hugleiðingum guðfræðingsins Wendy Farley enda hefur hún sjálf upplifað það. Að hennar skilningi ber guðfræðinni að snúast gegn þessu ofbeldi, horfast óhrædd í augu við það og átta sig á að það sem við er að eiga er hrein og klár illska.²⁹ Jafnframt verður allt kirkjulegt starf, að hennar mati, að takast á við ofbeldið og reyna að ráða niðurlögum þess. Heilmikið, eins og áður er nefnt, er sameiginlegt í guð-

²⁸ Þótt Fortune hafi einblínt á reynslu kristinna kvenna, sem orðið hafa fyrir ofbeldi, til að halda þessu fram, finnst mér ekki ólíklegt að margháttuð annars konar reynsla af vanmætti og bágrri stöðu í lífinu sé jafn haldgód forsenda fyrir viðlíka rökfærslu. Hér mun ég þó láta nægja að fylgja Fortune og því samhengi sem hún tjáir sig í.

²⁹ Wendy Farley, „Evil, Violence, and the Practice of Theodicy“, J. S. McClure og Nancy J. Ramsay (ritstj.), *Telling the Truth: preaching about sexual and domestic violence*, Cleveland, Ohio: United Church Press, 1998, bls. 11–20.

fræði þeirra Farley og Fortune, einkum á það við um tal þeirra um ríkjandi guðsmynd og mannskilning í kirkjulegu starfi. Farley leggur mikla áherslu á að guðfræðingar liggja ekki á liði sínu og taki þátt í gagnrýnu samtali um ofbeldið og skelfilegar afleiðingar þess í samfélaginu. Jafnframt bendir hún á að eitt mikilvægasta framlag þeirra í því sambandi felist einmitt í að vinna á gagnrýninn hátt með klassískar friðþægingarkenningar kristinnar þar sem guðvarnarvandamálið er miðlægt. Þar með erum við á ný komin inn á svipaðar brautir og farnar hafa verið fram að þessu í greininni, eða að kristinni guðsmynd og eiginleikum Guðs. Í forgrunni þar er almættið sem eiginleiki Guðs.

Öbreytt túlkun guðfræðinnar á eiginleikum Guðs, eins og almætti hans, telur Farley að muni alltaf verða hægt að nota til að styðja við ofbeldi og kúgun í samfélaginu. Sú staðreynd geri að verkum að nýtt tal um Guð — ný guðfræði — verði að hljóma. Á það megi líta sem hagnýta mótvægisáðgerð kirkjunnar gegn ofbeldinu og afleiðingum þess. Markmið slíkrar mótvægisáðgerðar er aðeins eitt, að næra betra kirkjulegt starf innan sálgæslunnar. Hvað þessi staðhæfing felur nánar tiltekið í sér er það sem við skulum nú líta betur á.

Það fyrsta sem má nefna í því sambandi er að slík umbreytt guðfræði stendur að hluta til á annars konar guðfræðilegum og siðfræðilegum grunni en löngum hefur tíðkast. Í stað þess að ganga út frá almætti Guðs — eins og sá eiginleiki hefur oftast verið túlkaður í kristinni hefð, bendir Farley á — er réttara að byrja á óréttlátri þjáningu manna og fíkra sig þaðan yfir í þekkinguna á Guði.³⁰ Með öðrum orðum: Þjáningin og ofbeldið sem alls staðar er að finna í mannlegu samfélagi, á að varða veginn til móts við dýpri skilning á Guði og eiginleikum hans. Farley gerir mikið úr þeim hryllilegu afleiðingum sem ofbeldið í samfélögum okkar hefur á bæði líkama og sálir þeirra einstaklinga sem verða fyrir því. Þar vísar hún sérstaklega til reynslu kvenna sem er nauðgað eða verða fyrir heimilisofbeldi og lýsir reynslu þeirra sem svo að með ofbeldinu sé guðsmynd þeirra líkt og tekin frá þeim, því þær upplifi sig ekki lengur sem sköpun Guðs. Ofbeldið hafi slíkan ægikraft að það megni að eyðileggja þær, tortíma bæði líkama þeirra og sál. Hvers konar Guð þurfum við í veröld sem einkennist af slíku hryllilegu ofbeldi og þjáningu, spyr Farley. Hvers konar guðsmynd er nauðsynleg til þess að megna að reisa þær konur við á ný sem brotið hefur verið á með ofangreindum afleiðingum? Hvers konar Guð á kirkjan að boða þolendum ofbeldis? Já, hvers eðlis er það vald sem Guð stendur fyrir í kristinni trú?³¹

Af mikilli nákvæmni og yfirvegun velur Farley að nota hugtakið líknsemi (e. *compassion*) þegar hún leitast við að umbreyta innihaldi valda- eða máttarhugtaks kristinnar.³² Líknsemi í þessu samhengi, áréttar hún, á hvorki að skilja sem siðfræðilegt né sálfræðilegt

³⁰ Hér má benda á að þessi aðferð er mjög þekkt innan femínískrar guðfræði, eða það að byrja í reynslu manneskjunnar og færa sig þaðan yfir í kenningar guðfræðinnar. Í leit að réttlæti er því byrjað í reynslu fólks af óréttlæti og þaðan farið yfir í að spyrja hvað sé réttlæti. Hér lítur hún svo á að þekking okkar á reynslu kvenna af ofbeldi, þekking sem jafnframt felur í sér mikilvæga þekkingu á Guði, sé mikilvægur byrjunarreitur guðfræðinnar.

³¹ Wendy Farley, „Evil, Violence, and the Practice of Theodicy“, bls. 11–14.

³² Mikill vandi er á höndum varðandi það hvernig best megi koma til skila merkingu orðsins *compassion* hjá Farley og ekkert eitt orð fyllilega fært um það. Enska orðið *compassion* má þýða sem meðaumkun, samúð eða samlíðan en það eitt nær ekki þeirri djúpu guðfræðilegu merkingu sem Farley vill koma til skila. Samlíðan eða samúð er yfirleitt skilið sem tilfinning en það er einmitt það sem Farley vill ekki að það merki. Vald Guðs er *compassionate* segir Farley en Guð er ekki *compassionate!* Guð vorkennir ekki þeim sem þjást heldur hefur vald til að umbreyta þjáningu þeirra sem þjást. Guð hefur vægðarvald, hann einn hefur vald til að umbreyta og frelsa á hátt sem manneskjur hafa ekki. Samúð og samlíðan manna með þeim sem þjást er hins vegar köllun allra kristinna manna og í því samhengi á vel við að nota samlíðunarhugtakið. Ég vel hugtakið líknsemi sem er nátengt miskunnarhugtakinu vegna þess að það, auk kærleikshugtaksins, er eitt þekktasta hugtak kristinnar hefðar til að tjá eiginleika Guðs og kemst nokkuð nærri því sem Farley leitast við að boða í guðfræði sinni og er auk þess mikið notað í kristnu helgihaldi og tungumáli þess.

hugtak, heldur aðeins sem guðfræðilegt.³³ Líknsemi sem hluti valds Guðs á ekki að blanda saman við mannlega aumkun eða vorkunn. Það merkir þó ekki að manneskjur geti ekki tjáð og miðlað miskunnsemi Guðs á sinn hátt, þvert á móti er það skylda þeirra og köllun. Guð hefur hins vegar enga skyldu í þessu samhengi heldur er hann frjálss og óþvingaður í athöfnum sínum. Grundvallaratriði til skilnings á hugtakinu er að það er ekki einföld umritun á gæsku Guðs og heldur ekki einföld tilvísun til mannlegrar samkenndar og tilfinninga. Nei, hugtakið líknsemi í þessu samhengi á að skilja sem einstakan eiginleika Guðs sem vísar til guðlegs máttar og krafts sem Guð einn býr yfir, krafts sem megnar að leysa manneskjuna og frelsa á hátt sem enginn mannlegur máttur er fær um.³⁴ Vald Guðs sem líknsemi er óendanlega mikið og ætíð persónulegt. Þetta vald á ekkert sameiginlegt með valdi mannlegra drottvara eða yfirvalds sem fær vilja sínum framgengt í krafti mannlegs máttar. Líknsemi Guðs er einvörðungu andlegt vald, hún er frjálst vægðarvald af því tagi sem tendrar á ný sál þess einstaklings sem ofbeldismaðurinn hefur slegið til jarðar, tortímt og þurrkað út. Guðsmynd Farley rímar við guðsmynd Fortune þótt tjáð sé á annars konar hátt. Líknsamur Guð getur ekki orsakað þjáningu manna. Það á aldrei að skilja Guð og vald hans sem svo að hann sé orsök alls sem gerist, bæði góðs og ills. Hins vegar á að skilja vald Guðs á þann hátt að hann sé ætíð með manneskjunni í þjáningu hennar. Það skýrist af því að Guð líður með hinum þjáða, einmitt í þjáningunni er líknsemi hans og nærvera áþreifanlegust. Farley bendir á holdtekinguna og krossfestinguna þessu til útskýringar. Guð hinna kristnu hefur valið að opinbera sig í samhengi sem er handan velgengni, fullkornunar, fegurðar, heiðurs og valds í mannlegum skilningi. Guð fæddist í fjárhúsi og dó yfirgefnum á krossi. Þessir atburðir, ítrekar Farley, sýna okkur að ekkert í heimi hér, hvorki fátækt, heimilisleysi né ofbeldi, megnar að aðskilja okkur frá Guði því það er einmitt í slíkum aðstæðum örbirgðar og umkomuleysis sem vald Guðs opinberast.³⁵

Það er ekki erfitt að skilja að manneskjur sem orðið hafa fórnarlömb ofbeldis, hvort sem um er að ræða heimilisofbeldi eða kynferðisofbeldi, upplifi sig vanmáttugar, slegnar til jarðar, særðar og yfirgefna. Bæði Farley og Fortune vísa til slíkrar mannlegrar reynslu og gera hana að útgangspunkti guðfræði sinnar. Litríkt orðfæri Farley þar sem hún lýsir þessari reynslu sem nokkurs konar afskræmingu og tortímingu manneskjunnar, sem líkama og anda, eru ekki til þess gerðar að vekja uppnám eða hugaræsinguna. Ætlunin er frekar að benda á alvarleika þess máls sem kirkjan stendur frammi fyrir þegar slíkur raunveruleiki stendur andspænis kristinni guðsmynd. Mynd Guðs í líkómum fórnarlambanna, segir Farley, er eyðilögð um leið og líkómum þeirra er rústað. Í slíkum aðstæðum, þegar ekkert nema hryllingurinn blasir við, skiptir öllu máli hvernig kirkjan mætir fórnarlömbunum og setur fram hina kristnu guðsmynd. Þegar manneskjur hafa „afmyndast“ af ofbeldinu, þegar líkami þeirra hefur „vanskapast“ vegna ofbeldisverka, þarfnast fórnarlömb guðsmyndar sem getur umbreytt þeim aðstæðum. Fortune, eins og við munum, lagði í slíkum aðstæðum mesta áherslu á að Guð væri kærleikur og byggði það á dæmum og frásögnum Nýja testamentisins. Farley velur annað hugtak, líknsemi, sem tengist vægð, miskunn og samlíðan Guðs, en vísar til sömu heimilda og Fortune. Munurinn á þessum eiginleikum er, þegar allt kemur til alls, ekki svo mikill. Báðar leggja

³³ Hér skilur á milli þeirra Fortune og Farley, en Fortune beitir hugtakinu *compassion* í sinni framsetningu einvörðungu með áherslu á siðferðilega og sálræna túlkun hugtaksins, þ.e. vísar til breytni manna.

³⁴ Wendy Farley, „Evil, Violence, and the Practice of Theodicy“, bls. 15.

³⁵ Sama heimild, bls. 16.

biblíulegan grundvöll undir skoðun sína þar sem Jesús og breytni hans er í brennidepli og báðar leggja mikið upp úr trúfræðilegri túlkun á hjálpræði Guðs. Þannig haldast Biblían og reynsla kvenna af ofbeldi í hendur í túlkun beggja og eru þeim leiðarljós í skapandi túlkun. Mikilvægast virðist að tjá þann skilning að Guð sé ætíð með manneskjunnri í þjáningu hennar, líkt og foreldri sem hjúkrar sjúku barni sínu og fer aldrei frá því. Guð er kærleikur sem lækna og líkna, endurreisir og græðir hin særðu og niðurlægðu. Báðar leggja höfuð-áherslu á að manneskjan geti aldrei, undir neinum kringumstæðum, komist í slíkar niðurlægjandi aðstæður að Guð sé ekki hjá henni. Þetta atriði er þó öllu veigameira í framsetningu Farley. Öll kristin guðfræði, bendir hún á, bæði gagnrýnin og skapandi, verður að eiga sér grundvöll í biblíulegum frásögnum. Guðsmyndina verður að sækja í Biblíuna, ásamt því að leita til hugsjóna Nýja testamentisins um guðsríkið sem endurnýjandi kraft. Allt kristið fólk þarf að hafa þor til að treysta frásögnum Nýja testamentisins þar sem Jesús er miðdepill alls, en ekki síst þurfa fórnarlömb ofbeldis að þora að treysta þeim. Og þar kemur kirkjan inn í myndina. Fórnarlömb ofbeldis verða að fá að heyra af valdi Guðs sem vægð, líknsemi og kærleika, í merkingunni að Guð hjálpi, græði, lækni og gefi manneskjunnri kraft í þjáningum hennar. Að boða slíka guðsmynd er skylda og jafnframt köllun kirkjunnar. Kirkjan á að vera hinn miskunnsami, kærleiksríki Samverji öllum þeim sem til hennar leita.³⁶

Til móts við bætt kirkjulegt starf

Skapandi guðfræðileg vinna með guðsmyndina — og þar með guðvarnarvandamálið — er mikilvægt fyrir allt það fólks sem vinnur innan vébanda kirkjunnar og mætir fórnarlömbum ofbeldis. Reynsla úr meðferðarstarfi ásamt eigin reynslu er leiðarljós guðfræði þeirra Farley og Fortune, en sú reynsla sýnir að konur, sem þolað hafa ofbeldi í nánnum samböndum eða kynferðisofbeldi, velta fyrir sér spurningum um hver sé æðri merking þessa ofbeldis og hvort Guð, eða þær sjálfar, séu orsök ofbeldisins og þar með þjáningarinnar. Báðir þessir guðfræðingar leggja sitt af mörkum til bættis kirkjulegs starfs, ekki síst með sálgæslu fórnarlamba ofbeldis í huga. Verkefni þeirra er ekki einangrað fyrirbæri, og alls engin hugarflugsleikur, heldur bláköld alvara. Klassískum guðsmyndum, þar sem almætti Guðs leikur stórt hlutverk, þarf að umbreyta í kirkjunnri! Slíkar hugmyndir um Guð geta haft skaðlegar afleiðingar og komið í veg fyrir réttlæti og bata þolenda. Farley leggur mest upp úr afleiðingum ofbeldisins á sjálfskilning þolenda og notar litríkt tungumál til að tjá þær afleiðingar. Þessar afleiðingar eru svo alvarlegar að þolendurnir verða að fá að heyra um annars konar Guð en konunginn Drottin sem allt vald hefur á himni og jörðu. Vald Guðs á að túlka sem líknsemi sem er svo máttug að hún megnar að umbreyta líkama þeirra og sál og skapa þá að nýju í Guðs mynd. Vald Guðs sem líknsemi er vægðarvald sem frelsar, endurleysisir, reisir upp og tendrar allt sem hefur verið eyðilagt, útþurrkað og deytt, er guðfræðilegur boðskapur Farley. Guðs líkn yfirgefur aldrei manneskjuna heldur er alltaf nálæg og nálægust er hún í mestu niðurlægingu sem hugsast getur.

Fortune, á hinn bóginn, hvetur alla sem mæta fórnarlömbum ofbeldis til að predika kærleika Guðs sem ekki orsakar hið illa og notar aldrei hið illa til að framkalla hið góða. Í stað þess að ásaka sjálfar sig eða Guð fyrir þjáninguna, ber kristnum manneskjum að

³⁶ Sama heimild, bls. 17–20.

snúast gegn ofbeldinu og beina reiðinni og ábyrgðinni að gerendunum. Mikilvægt atriði í þessu sambandi hjá Fortune er aðgreiningin milli óþvingaðrar þjáningar og þvingaðrar slíkrar. Kirkjan má ekki styðja þolendur í því að líkja eigin þjáningum saman við þjáningu Jesú á krossinum. Þjáning Jesú á krossinum var einstök og fékk einstaka merkingu. Mangert ofbeldi er orsakað af fólki sem misnotar vald sitt. Það á sér enga æðri merkingu og því á aldrei að reyna að réttlæta það. Ábyrgðina á því ber aðeins einn: Ofbeldismaðurinn sjálfur. Þjáningu vegna hins manngerða ofbeldis má aldrei skilja sem markmið og æðri tilgang. Talið um vald Guðs sem kærleika og líknsemi gerir ekki að verkum að gerandi ofbeldisins gleymist. Þvert á móti sýnir kirkjan, með því að boða kærleika Guðs og nærveru líksemi hans í þjáningunni, að orsök þjáningarinnar er hjá gerandanum og þess vegna ber honum að taka á henni alla ábyrgð.